

Þriðjudaginn 12. mars 1991.

Nr. 353/1990. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Benedikt Ástmari Guðmundssyni

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Líkamsárás. Röskun á húsfriði. Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1990 að ósk ákærða, en jafnframt til sakfellingar samkvæmt ákæru, þyngingar á refsingu og staðfestingar á sviptingu ökuréttinda.

Verjandi ákærða krefst sýknu af brotum gegn 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og 1. mgr. 218. gr. og 231. gr. sömu laga, en að öðru leyti krefst hann vægustu refsingar, sem lög leyfa.

Ákærði hefur lítið getað borið um atvik þau, sem ákæran fjallar um, sökum minnisleysis af völdum áfengisdrykkju. Eins og í héraðsdómi greinir, voru engin vitni að því, sem gerðist í íbúðarhúsinu að Kirkjubæ 1, nema barnfóstrurnar tvær, og þær komu ekki fyrir dóm. Verjandi ákærða lýsti því yfir á dómþingi í héraði, að hann væri samþykkur því, að fallið væri frá fyrirætlun um að taka dóm-skýrslur af þeim.

Framferði ákærða gagnvart telpunni var særandi og til þess fallið að valda henni miklum ótta. Ósannað er þó, að fyrir ákærða hafi vakað að þröngva henni með ofbeldi til holdlegs samræðis. Ber því að sýkna hann af broti gegn 194. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. sömu laga.

Héraðsdómari hefur dæmt ákærða fyrir brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga með vísan til 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Verknaðarlýsing 209. gr. er ekki í ákæru, og kemur því ekki til álita að refsa samkvæmt þeirri grein.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara um þá ákæruliði, er varða húsbrott og alvarlega líkamsárás, og færslu þeirra til refsíákvæða svo og afgreiðslu hans á umferðarlagabroti ákærða.

Ákærði hefur greitt bæt看ur vegna þess atburðar, sem mál þetta snýst um.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi, 7 mánaða fangelsi. Rétt þykir að skilorðsbinda refsinguna og láta hana falla niður að þremur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfisvöptingu ákærða svo og sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Benedikt Ástmar Guðmundsson, sæti fangelsi sjö mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að þremur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfisvöptingu og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, svo og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 17. júlí 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 17. júlí, er í sakadómi Keflavíkur af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara kveðinn upp dómur í máli nr. 1656/1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. maí 1990, er höfðað með ákæru, dagsettri 28. ágúst 1989, á hendur Benedikt Ástmari Guðmundssyni, Lyngholti 17, Keflavík, fæddum 26. febrúar 1960, fæðingarnúmer 324, „fyrir eftirgreind brott á almennum hegningarlögum og umferðarlögum aðfaranótt laugardagsins 13. maí 1989:

I.

Að hafa laust eftir kl. 2.00 ruðst heimildarlaust inn í íbúðarhúsið Kirkjubæ 1, Kirkjubæjarklaustri, og þar reynt með ofbeldi að þröngva stúlkunni X, fæddri [...] 1974, sem þar var við barnagæslu ásamt jafnöldru sinni, til holdlegs samræðis, jafnframt slegið stúlkuna tvívegis í andlitið með þeim afleiðingum, að hún hlaut bólgu yfir vinstra kjálkahorni og umtalsverð eymsli þar, svo og beint framan á ennið, einnig eymsli framarlega á neðri kjálka, rétt vinstra megin miðlínu undir kjálkabarði, neðri vör bólgin og skorin um tveggja cm skurð á slímhúðarhluta vararinnar, dofi í efri vör og upp á nasavængi og á svæðinu neðan vinstra auga. Tvær tennur í efri kjálka, miðframtönn og hliðarframtönn vinstra megin, urðu aðeins lausar og aumar viðkomu, en lítt eða ekki færðar úr stað, tannhold í kringum þessar tennur bólgið og marið.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr., en til vara við 1. mgr. 218. gr. eða 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, svo og við 231. gr. sömu laga.

II.

Að hafa fyrr sömu nótt ekið undir áhrifum áfengis bifreiðinni U-1538 frá veiðihúsi Stangaveiðifélags Keflavíkur að Mosum við Geirlandsá í Vestur-Skaftafellssýslu til Kirkjubæjarklausturs, þar sem ákærði ók á staur og í gegnum girðingu umhverfis kapelluna á Kirkjubæjarklaustri að húsinu Kirkjubæ 1, þar sem ákærði yfirgaf bifreiðina og fór inn húsið, eins og fram kemur í I. kafla ákæru, þar sem hann var handtekinn af lögreglumönnum síðar um nóttina.

Telst þetta varða við 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

III.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.”

Málavextir eru þeir, að kl. 2.30 aðfaranótt laugardagsins 13. maí 1989 var lögreglunni í Vestur-Skaftafellssýslu tilkynnt, að drukkin maður hefði ráðist á stúlkur, er verið hefðu að gæta barna að Kirkjubæ 1, Kirkjubæjarklaustri, á heimili tilkynnandans, Önnu Bjargar Siggeirsdóttur, og sambýlismanns hennar. Lögreglumenn frá Vík í Mýrdal komu á vettvang kl. 3.40. Kærði, þ.e. ákærði í máli þesu, lá á grúfu í ganginum og „andaði með snörli og sogum“. Er hann nokkru seinna reis upp og sá lögreglumennina, réðst hann að þeim. Varð að handjárnna hann og setja út í lögreglubifreiðina með vaktmanni, meðan skýrslutökur fóru fram. Í skýrslu lögreglumannsins

Reynis Ragnarssonar segir, að við skýrslutöku hafi komið í ljós, að ákærði hafi farið inn í íbúð Önnu, berhátað þar, vakið barnfóstrurnar, misþyrmt annarri og reynt að fá hana til fylgilags við sig. Síðar hafi komið í ljós, að ákærði hafi verið í veiðiskap í Geirlandsá ásamt tveim félögum sínum og þeir gist í veiðihúsi Stangaveiðifélags Keflavíkur að Mosum. Þaðan muni ákærði hafa ekið ölvaður bifreið sinni, U-1538, um nóttina til Klausturs. Við athugun á bifreiðinni og hjólförum hafi upplýst, að bifreiðinni hefði einnig verið ekið í gegnum girðingu umhverfis kapelluna á Klaustri og næstum því á kapelluna. Ákærða var tekið blóð til alkóhólranssóknar kl. 5.45.

Rannsóknarlögregla ríkisins tók við rannsókn málsins samdægurs. Fer hér á eftir lýsing Harðar Sigurjónssonar rannsóknarlögreglumanns á vettvangi kl. 15 þann 13.5. 1989:

— — —

Vitnið X, f.[...] 1974, [...], Kirkjubæjarklaustri, skýrði svo frá, að hún hefði ásamt vinkonu sinni, Sigrúnu Ingu Birgisdóttur, komið kl. um 22 föstudagskvöldið 12. maí að Kirkjubæ 1, Kirkjubæjarklaustri, til að gæta barnanna Unu Margrétar, þriggja ára, og Sverris, fjögurra ára, fyrir Önnu Björgu Siggeirsdóttur og Bjarna Hermann Sverrisson, meðan þau væru í samkvæmi. Anna Björg hafi þá verið ein heima og farið ein í samkvæmið, en Bjarni Hermann hafi komið um miðnættið frá Reykjavík, haft fataskipti og farið síðan strax í samkvæmið. Kl. um 0.30 - 1.00 hafi þær lagst til svefns í hjónarúminu með Unu Margréti á milli þeirra. Sverrir hafi þá verið sofnaður í barnaherberginu. Hún kvað þær hafa verið alklaðdar, og hafi hún verið í peysu og gallabuxum og bol undir peysunni. Þær hafi síðan vaknað, þegar ókunnur, allsnakinn maður kom inn í herbergið, þar sem þær voru. Hann hafi reynt að draga ofan af þeim sængina, og þegar hún hafi ætlað að standa upp, hafi hann tekið hana hálstaki og þvingað niður í rúmið. Hafi hann haldið henni þannig og legið við hlið hennar og bedið hana að fara úr fótunum. Þegar hún hafi neitað, hafi hann hert takið og reynt að klæða hana úr peysunni. Hún hafi bedið hann að losa takið á hálsinum og hann gert það, er hún lofaði að öskra ekki. Hún hafi þó öskrað strax á Sigrúnu Ingu, sem hafi þá komið inn í herbergið, en hún hafði farið fram. Hafi ákærði þá hert takið og slegið hana í höfuðið ofan við vinstra auga. Sigrún hafi síðan reynt að hjálpa henni til að losna frá manninum, og við það, að hann sneri sér að Sigrúnu, tókst henni að velta sér frá honum og losna. Sigrún hafi þá hlaupið fram úr svefnherberginu og maðurinn á eftir henni, og kvaðst hún hafa fylgt á eftir. Þegar hún kom fram í eldhús, en þar var eina leiðin út úr húsinu, var maðurinn í dyrunum fram á ganginn, og sneri hann sér þá að henni og sló hana á munninn

þungt högg. Kvaðst hún hafa skolið á gólfið og ekki muna eftir sér aftur fyrr en inni í stofu, og þá hafi maðurinn verið að reyna að slíta símann úr sambandi. Hún kvað Sigrúnu Ingu hafa tekið Unu Margréti með sér inn í barnaherbergið, meðan maðurinn hélt sjálfri henni í rúminu. Una Margrét hafi farið að gráta og maðurinn þá sussað á hana og lokað dyrunum að barnaherberginu. Hafi hún þá hlaupið fram hjá honum og út úr húsinu og að húsi því (Skerjavöllum 5, Kirkjubæjarklaustri), er fólkið, sem hún var að gæta barnanna fyrir, dvaldist í. Á hlaupunum kvaðst hún hafa heyrt í Sigrúnu Ingu á eftir sér, og hafi þær komið samtímis að húsinu. Hún hafi ekkert getað tjáð sig, er þangað kom, fyrir gráti. Hringt hafi verið strax í móður hennar, sem kom þegar á vettvang og bað um, að hringt yrði á lækni, sem kom að vörmu spori og gaf stúlkunni róandi lyf. Hún kvað útidyr á Kirkjubæ 1 hafa verið ólæstar. Hún kvaðst ekki hafa tekið eftir því, að umræddur maður væri drukinn, og hann hafi virst styrkur, er hann var að slást við hana. Þá kvaðst hún ekki hafa veitt því athygli, hvort manningnum hefði risið hold.

Vitnið Sigrún Inga Birgisdóttir, Skriðuvöllum 7, Kirkjubæjarklaustri, f. 5.4. 1974, skýrði frá atvikum mjög á sömu lund og X. Hún kvað þær stölluur hafa lagst til svefnis í svefnherberginu milli kl. 1.00 og 2.00. Hún hafi síðan vaknað við eitthvert þrusk og orðið vör við, að maður var kominn inn í herbergið hjá þeim. Hún kvaðst hafa forðað sér út úr svefnherberginu með Unu Margréti og lagt hana inn í barnaherbergið. Hafi hún þá heyrt, að X kallaði á hana, og hún þá farið inn í hjónaherbergið, og hafi maðurinn þá haldið X kverkataki. Hún hafi þá reynt að losa tak mannsins með því að taka um hönd þá, er hann hélt um háls X. Hún hafi gert sér ljóst, að þær réðu ekki við manninn, og því hafi hún hlaupið út til að sækja hjálp. Hafi hún fyrst bankað upp á í tveimur húsum, en enginn hafi vaknað. Er hún var hjá síðara húsinu, hafi hún séð X hlaupa að húsi Valgeirs I. Ólafssonar, og þær hafi komið saman að því húsi. Hún hafi síðan sagt fólkinu, að einhver maður væri að Kirkjubæ 1 og að fólkið yrði að fara þangað strax.

Vitnið Anna Björg Siggeirsdóttir, húsráðandi að Kirkjubæ 1, Kirkjubæjarklaustri, skýrði svo frá, að hún hefði verið í teiti hjá Valgeiri Inga Ólafssyni, Skerjavöllum 5 á Klaustri, og fengið tvær stúlkur til að gæta dóttur hennar og sonar Bjarna Hermanns Sverrissonar, sambýlismanns hennar, sem hafi komið í samkvæmið rétt fyrir kl. 1.00. Um kl. 2.20 hafi þær báðar komið grátandi og miður sín að Skerjavöllum 5 og sagt, að það væri einhver maður í húsinu að Kirkjubæ 1. X hafi verið með sprungna vör og kúlu á enni, og hafi hún lítið getað sagt sökum tugaáfalls. Hafi vitnið farið heim ásamt Bjarna Sverrissyni og þeim Sverri Valdimarssyni og Sigurði Erni Jakobssyni, sem verið höfðu í samkvæminu. Þegar þau

hafi komið að Kirkjubæ 1, hafi útidyr verið opnar, en enginn maður sjáanlegur. Framangreindir menn hafi farið að leita hans, og kvaðst hún hafa orðið vör við stimpingar úti, en mennirnir komið skömmu síðar með manninn (ákærða). Hann hafi verið mjög ofstopafullur, meðan beðið var eftir lögreglu, og hafi komið til talsverðra átaka milli hans og mannanna þriggja. Í átökunum hafi maðurinn brotið salernisvatnskassa þannig, að vatn flóði niður í kjallara. Maðurinn hafi verið í úlpu, skóm og bláum gallabuxum, sem Bjarni Hermann átti. Fyrir framan eldavélina í eldhúsi hafi legið fatahrúga, bláar gallabuxur, köflótt vinnuskyrta, ullarsokkar og nærbuxur. Armbandsúr hafi legið á eldavélinni. Kvaðst hún ekki hafa veitt fatahrúgunni athygli fyrr en Margrét Una hafi látið þessi orð falla: „Af hverju fór maðurinn úr fötunum?“ Hún kvað telpuna hafa verið grátandi, er að var komið, og mjög skelfa.

Vitnið Bjarni Hermann Sverrisson skýrði frá atvikum mjög á sömu lund og Anna Björg. Hann kvaðst hafa haft fataskipti að Kirkjubæ 1, áður en hann fór í samkvæmið, og lagt fót sín, þar á meðal bláar gallabuxur, á barnavagn í hjónaherberginu. Hann kvað Unu Margréti hafa verið grátandi fyrir utan húsið, er að var komið. Hann kvaðst hafa farið ásamt Sverri og Sigurði Erni að leita mannsins og þeir fundið hann þar skammt frá. Þeir hafi leitt hann inn, en hann hafi rokið upp af og til (sic) og reynt að komast út og þeir þá lent í átökum við hann. Maðurinn hafi greinilega verið mjög utan við sig vegna ölvunar eða annarra áhrifa. Þá sagði hann, að ákærði hefði haft á orði rétt eftir handtökuna, að stúlkurnar hefðu verið yndislegar.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi komið á fimmtudag austur að Geirlandsá til að veiða ásamt veimur félögum sínum, þeim Brynjari Sigurðssyni og Lárusi Þórhallssyni. Þeir hafi verið á bíl ákærða, sem er Toyota, U-1538. Á föstudag hafi þeir verið við veiði, en gert hlé milli 13.00 - 15.00. Þeir hafi komið að veiðihúsi Stangaveiðifélags Keflavíkur um kl. 20, eldað sér mat og sest síðan að áfengisdrykkju. Um kl. 22 hafi maður, sem kallaður er Jói, frændi Brynjars, komið til þeirra. Um miðnætti hafi þeir farið í bíl ákærða að Klaustri, og hafi Jói þá ekið. Þar hafi þeir hitt Þjóðverja og ákærði keypt áfengispela af Þjóðverja þessum og þeir félagar drukkið úr honum inni í herbergi hjá honum. Aðspurður um áfengisneyslu kvaðst hann hafa byrjað að drekka um kl. 14 á föstudag. Hann kvaðst ekki geta tilgreint, hversu mikið, en sagðist hafa drukkið bjór, vodka og viskí, og eftir að hafa drukkið inni hjá Þjóðverjanum, hafi hann verið orðinn mjög drukkinn. Þar kvaðst hann hafa tapað minninu og ekkert muna eftir sér fyrr en í átökum við kvenmann inni í einhverju húsi. Varðandi akstur bifreiðarinnar og síðari atburði ber hann við minnisleysi. Hann kvað sig þó ráma í að hafa verið nærri kapellunni. Aðspurður af

dómara kvað hann sennilega ástæðu til síðari fararinnar að Klaustri hafa verið þá, að hann hefði ætlað að fá meira vín hjá Þjóðverjanum, og síðan hafi hann séð ljós í umræddu húsi. Hann kvaðst ekkert geta sagt, hvað fyrir sér hefði vakað, enda hljóti hann að hafa verið með það skerta dómgreind, að hann hafi ekki vitað, hvað hann var að gera.

Ákærði kvað vegalengdina frá veiðihúsinu að Kirkjubæjarklaustri vera um 3 km. Tvær lyklakippur voru í bláum gallabuxum, sem fundust í húsinu Kirkjubæ 1, og kvaðst ákærði eiga þær, en í þeim voru tveir lyklar, er gengu að bifreið hans. Þá hefur ákærði viðurkennt að eiga armbandsúr og fatnað, er fannst í húsinu aðfaranótt laugardagsins 13. maí 1989.

Vitnið Brynjar Hólm Sigurðsson, til heimilis að Greniteig 45, Keflavík, hefur skýrt svo frá, að þeir þrír, vitnið, ákærði og Lárus Þórhallsson, hafi verið við veiði í Geirlandsá föstudaginn 12. maí. Þeir hafi snemma hætt veiði vegna kulda og fyrst fengið sér bjór og síðan fljótlega á eftir sterkara vín. Þeir hafi verið í veiðihúsinu fram eftir kvöldi við spil og horft á sjónvarp og gengið til náða klukkan um 2 aðfaranótt laugardagsins 13. maí. Skömmu seinna kveðst vitnið hafa heyrt, að bifreið var sett í gang. Hann hafi þá litið út um gluggann og séð, að bifreið Benedikts var farin af hlaðinu og var að beygja af heimreiðinni út á veg. Hann kvað ákærða hafa verið ókominn til baka, er hann vaknaði kl. um 11. Hafi hann farið að leita hans og fundið bifreið hans við Edduhótelið, Kirkjubæjarklaustri.

Vitnið Lárus Benedikt Þórhallsson, Óðinsvöllum 17, Keflavík, skýrði frá á sömu lund og Brynjar, nema hann kvað þá hafa farið að Klaustri um miðnætti og hitt þar Þjóðverja, en komið til baka að veiðihúsinu milli kl. 1 og 1.30. Hann kvað Jóhann, frænda Brynjars, hafa ekið bifreiðinni í það skiptið. Hann hafi síðar orðið var við, er bifreið Benedikts var gangsett, en þeir hafi ekki haft nein tök á að stöðva aksturinn.

Vitnið Jóhann Grétar Sigurðsson, Bakkakoti 2, Leiðvallahreppi, skýrði svo frá, að hann hefði komið í veiðikofa Stangaveiðifélags Keflavíkur að Mosum við Geirlandsá föstudaginn 12. maí 1989. Þeir þrír, sem þar voru fyrir, Lárus, Brynjar og ákærði, hafi verið við skál. Hann hafi ekið þeim að Klaustri klukkan um 23.30 og til baka skömmu síðar.

Lagt hefur verið fram áverkavottorð Hauks Valdimarssonar heilsugæslulæknis vegna X, dags. 23.5. 1989, svohljóðandi: „Trúlegt er, að ofangreind hafi vankast eitthvað við högginn, sú ályktun dregin, þar sem ofangreind á nokkuð erfitt með að gera sér grein fyrir atburðarásinni fyrst á eftir, eins þar sem hún kvartaði um höfuðverk og dál. ógleði fyrsta sólarringinn eftir árásina. Að öðru leyti var meðvitundarástand alltaf með eðlilegum hætti. Undirritaður hitti ofan nefnda innan við hálf tíma eftir árásina. Hún var þá í miklu uppnámi og átti í byrjun erfitt með að útskýra, hvað gerst hafi, kvartaði um verk í andlitinu, mest í vörum við megin, einnig verk,

þegar hún beit saman í hliðarframtönn og augntönn ofan við vi. megin, verður aftarlega í neðri kjálka vi. megin og verður í enni vi. megin. Fyrsta skoðun leiddi í ljós dál. roða á húðinni á hálsinum, mest áberandi aftarlega hæ. megin. Efri og neðri vör voru bólgnar vi. megin og á neðri vör um 2 cm skurður á slímhúðarhluta vararinnar; þaðan blæddi dálítið. Dökkleitt mar á efri gómi, meðfram rót vi. hliðarframtannar. Dál. los er á vi. augntönn og vi. hliðarframtönn, og hún fékk verk, þegar komið var við þær. Veruleg eymsli og talsverð bólga á svæði yfir aftari hluta neðri kjálka vi. megin. Töluverð bólga á allstóru svæði vi. megin á enni. Eymsli og dál. bólga til hliðar við og neðan við vi. auga. Ný skoðun u.þ.b. hálfum sólarhring eftir líkamsrásina leiðir í ljós eðlilegt meðvitunarástand, en hún er þó greinilega miður sín og döpur. Sömu kvartanir um verki eins og í byrjun nema nú meiri kvartanir um ríg í hálsi...“

Þá hefur einnig verið lagt fram vottorð Sigurjóns H. Ólafssonar tannlæknis, dagsett 18.5. '89, en þar segir m.a.: „...Við komu á sjúkrahúsið er X vel áttuð (sic) á stað og stund og gefur greinargóð svör, en er greinilega miður sín eftir atburði síðastliðins sólarhrings. Það er greinileg fyrirferð, bólga, yfir vinstra kjálkahorni og umtalsverð eymsli þar svo og beint framan á enni. Einnig eru eymsli framarlega á neðri kjálka, rétt vinstra megin miðlínu undir kjálkabarði. Neðri vör er bólgin og skorin um tveggja cm skurði á slímhúðarhluta vararinnar, en sárabarmar haldast þó allvel saman. Það er dofi í efri vör og upp á nasavængi og á svæðinu neðan vinstra augans, en fer þó dvínandi að sögn sjúklings. Tvær tennur í efri kjálka, miðframtönn og hliðarframtönn vinstra megin, eru aðeins lausar og aumar viðkomu, en lítt eða ekki færðar úr stað. Tannhold í kringum þessar tennur er bólgið og marið. Kjálkahreyfingar eru þvingaðar vegna eymsla í aftari hluta kjálkans vinstra megin. Bit sjúklings virðist hins vegar vera rétt. Röntgenmynd af kjálkum bendir ekki til beinbrota. Sérmyndir af tönnum staðfesta það los, sem finnst við kliniska skoðun... Á það skal lögð áhersla, að þung högg á tennur geta valdið skemmdum, sem koma ef til vill ekki fram klinískt (í tönnum/beinum) fyrr-en mánuðum og jafnvel árum eftir viðkomandi óhapp.“

Í vottorði læknis Síðumúlafangelsis um rannsókn á ákærða þann 13.5. 1989 kl. 17.30 segir m.a.: „...Andlit: bólginn og marinn yfir báðum kinnbeinum. Talsvert glóðarauga umhverfis bæði augu. Á aftanverðum hæ. upphandlegg eru dreifðar smárispur og mar. Talsvert mar er ofan á vi. handarbaki, og ofan á því er fleiður: 3.5 x 0.5 sm. Yfir hæ. öxl eru dreifð fleiður og smásár. Yfir alla bringu, einkum þó ofan við vi. brjóst, eru smáfleiður, mar og grunnar rispur. Þrjár samsíða rispur eru yfir vi. öxl (hugsanl. eftir neglur). Dreifð fleiður eru yfir báðum hnjám, einkum hæ. megin. Mar er aftan á vi. læri..“

Ákærði hefur sætt geðheilbrigðisrannsókn, og er ályktun Hannesar Péturssonar yfirlæknis í skýrslu, dags. 26. nóvember 1989, svohljóðandi: „...Að mati undirritaðs er Benedikt Ástmar Guðmundsson ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskort. Hins vegar greinast merki um vægar persónuleikatrufanir, sem hafa m.a. komið fram í skapgerðar-brestum, hegðunarvandkvæðum á unglingsárum og óreglulegri skóla- og atvinnusókn framan af. Enn fremur komst Benedikt í kast við lögin á unglingsárum. Hins vegar er áberandi, að flest þessara vandkvæða eru fyrst og fremst bundin við unglingsárin, þ.e. Benedikt hefur sýnt fram á ákveðinn stöðugleika, bæði að því er varðar árangur og staðfestu í framhaldsnámi og síðar í atvinnusókn. Einnig virðist nokkuð um það, að Benedikt hafi neytt áfengis óhóflega, en að því er virðist, án þess að það hafi leitt til alvarlegra vandræða, þ.e. fyrr en með atburði þeim, er mál þetta snýst um. Benedikt kveðst hafa dregið úr áfengisneyslu sinni frá því siðastliðið vor, en hefur ekki talið ástæðu til að hætta neyslu áfengis vegna framangreinds atburðar, „En maður drekkur mun minna, geri mér grein fyrir, að svona má ekki ske.“ Undirritaður hefur bent Benedikt á framangreind einkenni um skapgerðarbresti og ráðlagt honum að halda sig alveg frá neyslu áfengis framvegis. Að því er varðar nánasta aðdraganda og hugsanlegar orsakir fyrir verknaði þeim, er Benedikt er nú sakaður um, þá vega að líkindum þýngst framangreindir skapgerðarbrestir, sem samfara miklum áfengisáhrifum hafa leitt til skertrar sjálfstjórnar og hvatvislegra viðbragða af hans hálfu. Hins vegar er erfitt að meta með vissu, hvenær og með hvaða hætti ásetningur til verknaðarins kann að hafa myndast. Minnistrufanir þær, er Benedikt lýsir, eru í samræmi við mikla neyslu áfengis á tiltölulega stuttum tíma. Það verður því að telja líklegt, að dómgreind Benedikts hafi verið sljóvguð vegna mikilla áfengisvímuáhrifa, þegar framangreindur atburður átti sér stað. Hins vegar verður þó að álykta, að raunveruleikamat og dómgreind Benedikts Ástmars Guðmundssonar sé annars með þeim hætti, að hann teljist sakhæfur.“

Ákærði hefur greitt þær skaðabótakröfur, sem gerðar hafa verið í málinu, að fullu, þ.e. skaðabætur vegna tjóns á girðingu við minningarkapellu sr. Jóns Steingrímssonar, skaðabætur vegna skemmda að Kirkjubæ 1, skaðabætur vegna fatatjóns Bjarna H. Sverrissonar. Þá hefur verið lögð fram í réttinum yfirlýsing frá Gunnari Þorkelssyni, föður vitnisins X, þar sem tekið er fram, að ákærði í máli þessu hafi greitt bætur vegna miska og að ekki verði gerðar frekari kröfur um bætur á hendur honum.

Í blóðsýni því, sem ákærða var tekið í umrætt sinn, reyndist magn alkóhóls vera 1,51‰.

Ákærði hefur áður sætt eftirtöldum refsingum:

[Dómur 1978 fyrir þjófnað og skjalafals (refsíakvörðun frestað), 1973 sekt

fyrir tolllagabrot og 1980 sekt og ökuleyfissvipting vegna ölvunaraksturs og nytjastuldar].

Niðurstöður.

Ákærði hefur borið, að hann geti ekki vegna minnisleysis rengt vætti vitna um ætlaðar sakir, sem um ræðir í málinu.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir nægilega sannað, að ákærði ruddist heimildarlaust inn í íbúðarhúsið Kirkjubæ 1, Kirkjubæjarklaustri, þann 13.5. 1989. Með því hefur hann gerst brotlegur við 231. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, enda hefur húsráðandi þar borið fram kæru vegna þess, svo að skilyrði 2. tl. a 242. gr. sömu laga er fullnægt.

Líkur benda eindregið til, að er ákærði varð var við sofandi stúlkurnar, hafi hann upphaflega ætlað að fá stúlkuna X til kynferðismaka við sig, en varhugavert þykir að telja sannað, að það hafi verið ásetningur ákærða að koma fram samförum við stúlkuna gegn vilja hennar, þannig að um tilraun til brots samkvæmt 194. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 sé að ræða. Hins vegar þykir leitt í ljós, að atлага hans að stúlkunni hafi stjórnast af kynferðislegum hvötum. Frásögn stúlkunnar styðst við vottorð læknis um minni háttar áverka (rispur) á ákærða og við vætti vitna meðal annars um ástand hennar og hegðun, er hún kom að Skerjavöllum 5, Kirkjubæjarklaustri. Þykir háttsemi ákærða að þessu leyti eiga að varða hann refsingu samkvæmt 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda var málflytjendum gefinn kostur á að reifa málið með það í huga, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Vegna meiðsla þeirra, er af hlutust fyrir X, þykir ákærði með líkamsárásinni hafa gerst brotlegur við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Þá þykir af skýrslum málsins og framburði vitna nægilega sannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni, U-1538, undir áhrifum áfengis umrætt skipti frá veiðihúsi Stangaveiðifélags Keflavíkur að Mosum við Geirlandsá í Vestur-Skaftafellssýslu til Kirkjubæjarklausturs, þar sem ákærði ók á staur og í gegnum girðingu umhverfis kapelluna á Kirkjubæjarklaustri að húsinu Kirkjubæ 1. Telst hann með þessu hafa gerst brotlegur við 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 1. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin sjö mánaða fangelsi, en rétt þykir að ákveða, að fresta skuli fullnustu fjögurra mánaða af þeirri refsingu og að sá hluti hennar falli niður að þremur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. greinar almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá ber að svipta ákærða ökuréttindum í eitt ár frá birtingu dóms

þessa að telja, sbr. 1. mgr. 101. gr. og 2. mgr. 102. gr. laga 50/-1987.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálm Þórhallssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 80.000, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 50.000.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Benedikt Ástmar Guðmundsson, sæti fangelsi sjö mánuði. Fullnustu fjögurra mánaða af refsingunni skal fresta og sá hluti hennar falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Vilhjálm Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.